

Alþingi
Erindi nr. P 128/1509
komudagur 5.3.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

HGS/HJ

Rvk. 4. mars 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Þskj. 849, 511. mál, 128. löggjafarþing 2002–2003.

Tillaga þessi er flutt af fulltrúum allra stjórnmalaflokkanna í iðnaðarnefnd. Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli Byggðarannsóknastofnun Íslands (áður Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri), að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004.

Í greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að upplýsingum sé safnað jafnóðum um áhrif þeirra miklu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi. Áhersla er lögð á rannsókn á ruðningsáhrifum framkvæmdanna á aðrar atvinnugreinar og þensluáhrif almennt. Samtök atvinnulífsins styðja umrædda tillögu og leggja til að Alþingi samþykki hana.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri